

Ed.

188. Breytingartillögur

[88. mál]

við frv. til laga um söluskatt.

Frá Alfreð Gíslasyni lækni.

1. Við 6. gr.

a. Töluliður 11 orðist svo:

Innlend dagblöð og hliðstæð blöð, svo og tímarit, sem ekki eru gefin út í ágóðaskyni, enn fremur bækur frumsamdar á íslenzku.

b. Á eftir tölulið 15 komi nýr töluliður, er verður töluliður 16, svo hljóðandi:
Nauðsynlegustu lyf samkvæmt skrá, staðfestri af fjármálaráðherra.

2. Við 17. gr. Inn í greinina bætist svofelld málsgrein, er verði 2. málsgrein:

Eigi má álagning í heildsölu og smásölu hækka vegna söluskatts af innfluttum vörum.